

## REGLUGERÐ

### um sektir vegna brota á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

#### 1. gr.

Brot á ákvæðum 4. gr. laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, nr. 73 31. maí 2001, varða sektum að fjárhæð kr. 25.000.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef veigamikil rök mæla með því.

#### 2. gr.

Um innheimtu sekta samkvæmt 1. gr. og um vararefsingu sektanna gilda ákvæði 52. gr. og 4.–5. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 15. gr. laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, nr. 73 31. maí 2001, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 9. desember 2002.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

---

*Björn Friðfinnsson.*

## AUGLÝSING

### um gjald vegna námskeiðs til undirbúnings prófi til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 774/2000 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður er gjald vegna fyrri hluta námskeiðs sem haldið verður í byrjun árs 2003 ákveðið kr. 100.000. Í námskeiðsgjaldi er innifalið gjald fyrir próf.

Gjald fyrir þátttöku á seinni hluta námskeiðs verður ákveðið síðar.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. desember 2002.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*